

52. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 4. júní 2019, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Rósa Jónsdóttir, Katrín Freysdóttir, Unnur Hafstað fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Skólanámskrá afgreidd að skólafundi loknum

Formaður lagði til að þessi liður yrði framvegis að hausti í kjölfar skólafundar sem haldinn er í september. Lára sagði frá því að á síðasta skólafundi hefðu nemendur rætt um námsframboð og áfanga sem eru í boði. Þar komu fram margar hugmyndir sem settar voru í val fyrir vorönn. Nemendur völdu hins vegar ekki þá áfanga sem þeir höfðu lagt til.

2. Innritun fyrir haustönn 2019

Aðstoðarskólameistari fór yfir innritun á haustönn. Góð aðsókn er að skólanum og mikil aðsókn í fjarnám. Lára sagði frá að fleiri nemendur úr 10. bekk sækji í skólann í fjarnám. Þar er um að ræða íþróttafólk sem fer í þjálfun erlendis. Dóróþea lýsti yfir ánægju með hversu vel skólanum hefði tekist að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

3. Gjaldskrár – óbreyttar

Lagt er til að gjaldskrá skólans verði óbreytt næsta skólaár. Samþykkt samhljóða.

4. Ágústfundur dagsettur

Skólameistari lagði til að þessi fundur verði framvegis nefndur haustfundur. Hann yrði haldinn 17. september kl. 15:15. Fundir yrðu þá 3. þriðjudag annan hvern mánuð.

5. Upplýst um ráðningar

Lára upplýsti að braut í skapandi tónlist hefði verið opnuð aftur. Nokkuð af tónlistarfólki er að koma úr 10. bekk og ákveðið var að ganga til samstarfs við Tónlistarskólann á Tröllaskaga og hefur Guðmann Sveinsson verið ráðinn í 25% starf í skapandi tónlist. Einnig hefur verið ákveðið að ráða fatlaðan einstakling til starfa á næstu önn í samstarfi við Vinnumálastofnun. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með ráðninguna.

Rætt um framtíð skólans og stefnumótun. Eru sóknarfæri fyrir skólann á fleiri sviðum, t.d. í tengslum við ferðaþjónustu? Ætti skólinn að stækka eða er hann mátulega stór? Lára ræddi einnig um að aukinn áhugi væri í skólanum varðandi umhverfisvernd.

6. Önnur mál

1. Skóladagatal 2019 –

2020, <https://www.mtr.is/static/files/Skoladagatal/skoladagatal-2019-2020-samthykkt.pdf>

Skóladagatal 2019-2020 lagt fram til kynningar.

2. Stofnun ársins

2019, https://www.mtr.is/static/files/stofnun-arsins/316_menntaskol...a-trollaskaga.pdf

Lagðar fram niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins 2019. Menntaskólinn

á Tröllaskaga er stofnun ársins 2019 í flokki miðlungsstórra stofnana. Einnig var hann í fyrsta sæti allra stofnana.

3. *Upplýsingar um nám vetrarins*

Aðstoðarskólameistari sagði frá niðurstöðum vorannar. Skólinn skilaði 167 nemendaígildum og 7,5 á starfsbraut. Meðaleinkunn er 6,5. Brottfall er 4% og meðalfall er 21%. Meðalnýting í hópum er 83%.

4. *Erlent samstarf*

Lára sagði frá að komið hefðu óskir um samstarf og ráðgjöf frá skóla í Póllandi og kennarar frá dönskum skóla munu koma í Job-shadowing verkefni á næstu vorönn. Umræður um erlend samstarfsverkefni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.